

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

Séreignarsparnaður

Nýr sjóðfélagi

Sjóðfélagalán



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
1956-2016

Sjóðfélagar ávinna sér rétt til ævilangs lífeyris sem greiddur er mánaðarlega, í lok hvers mánaðar. Fjárhæð lífeyris ræðst meðal annars af því hve mikið og lengi hver sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins.

UPPHAF LÍFEYRISTÖKU

Þegar lífeyrisaldur nálgast er að ýmsu að hyggja. Almennur lífeyrisaldur er við 67 ára aldur. Hægt er flýta töku lífeyris til 65 ára eða fresta til allt að 70 ára aldurs.

Taflan sýnir áhrif á mánaðarlegar greiðslur eftir því hvort töku ævilangs lífeyris er flýtt eða frestað. Taflan byggir á tryggingafræðilegum útreikningum og getur því tekið breytingum.

Aldur við upphaf eftirlauna	Breyting mánaðargreiðslu
65 ára	15,0% lækkun
66 ára	7,8% lækkun
67 ára	–
68 ára	8,2% hækkun
69 ára	17,4% hækkun
70 ára	27,8% hækkun

ÚTTEKT SÉREIGNAR

Ef þú hefur greitt í séreignarsjóð getur úttekt séreignar hafist við 60 ára aldur. Sjóðfélagi getur valið að fá séreignarsparnað sinn greiddan út í mánaðarlegum greiðslum í fyrirfram ákveðinn tíma eða með eingreiðslu.

SKATTAMÁL

Greiðslur úr lífeyrissjóðum, þar með talinn séreignarsparnaður, eru skattlagðar eins og launatekjur. Hjón geta samnýtt skattkort eftir almennum reglum.

UMSÓKN UM LÍFEYRI

Hægt er að sækja um lífeyri á eftirfarandi hátt:

- » Með rafrænni umsókn á vef sjóðsins
- » Með því að fylla út umsóknareyðublað og senda til sjóðsins. Umsóknareyðublaðið er hægt að nálgast á vef eða skrifstofu sjóðsins
- » Sækja um á skrifstofu sjóðsins

Öryggi með ævilöngum lífeyri

RÉTTINDI HJÁ ÖÐRUM LÍFEYRISSJÓÐUM

Margir greiða til fleiri en eins lífeyrissjóðs yfir starfsævina. Þegar kemur að töku lífeyris er best að hafa samband við þann lífeyrissjóð sem síðast var greitt til. Sá sjóður sér um að áframsenda umsóknina til þeirra lífeyrissjóða sem þú hefur greitt til.

AÐRAR TEKJUR OG TRYGGINGABÆTUR

Greiðslur frá lífeyrissjóðum geta haft áhrif á rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun og eftir atvikum öðrum aðilum.

Greiðslur frá öðrum aðilum, s.s. launagreiðslur, greiðslur frá tryggingafélögum og frá hinu opinbera, hafa hins vegar ekki áhrif á fjárhæð ævilangs lífeyris (ellilífeyris) frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

www.live.is

Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?

Skráðu þig á póstlista LV á www.live.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR

- » www.live.is – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.